

2010:4 • 8. mars 2010

## Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2009


Quarterly government accounts, 4th quarter 2009

Samantekt

Hið opinbera var rekið með 43,5 milljarða króna tekjuhalla á 4. ársfjórðungi 2009 samanborið við 14 milljarða króna tekjuhalla á sama tíma 2008 (án 192 milljarða skuldaryfirtöku ríkissjóðs). Þar af nam tekjuhalli ríkissjóðs og almannatrygginga 38,9 milljörðum króna og tekjuhalli sveitarfélaganna 4,6 milljörðum. Á sama tíma 2008 var tekjuhalli ríkissjóðs og almannatrygginga 11,3 milljarðar án skuldaryfirtöku og tekjuhalli sveitarfélaga 2,8 milljarðar króna. Hin óhagstæða þróun í fjármálum hins opinbera milli ársfjórðunganna skýrist fyrst og fremst af auknum útgjöldum vegna mikillar skuldsetningar og atvinnuleysis.

### Mynd 1. Tekjur og útgjöld hins opinbera á verðlagi hvers árs<sup>1</sup>

Figure 1. General government income and expenditure at current prices<sup>1</sup>



<sup>1</sup> 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands á 4. ársfjórðungi 2008 er ekki meðtalin í heildargjöldum. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure.


Heildartekjur hins opinbera eru áætlaðar um 169 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2009 samanborið við tæplega 162 milljarða króna á sama tímabili 2008 og hækkuðu því um 4,1% milli ára, en hækkunin skýrist einkum af auknum tekjum af tryggingagjöldum og sölu- og eignatekjum. Skatttekjur lækkuðu hins vegar lítillega milli tímabilanna. Heildarútgjöld hins opinbera námu 212 milljörðum króna á 4. ársfjórðungi 2009 samkvæmt áætlun samanborið við 176 milljarða króna árið 2008 (án skuldaryfirtöku ríkissjóðs), og nam hækkunin 20,5% milli ára. Sú hækkun skýrist einkum af verulega auknum vaxtagreiðslum hins opinbera vegna skuldsetningar og auknum félagslegum tilfærslum til heimila eins og



áður segir, en samneysluútgjöld hins opinbera lækkuðu hins vegar um 1 milljarð króna milli tímabilanna.

## Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 511 milljarða króna í lok 4. ársfjórðungs 2009 samanborið við um 239 milljarða króna neikvæða eign á sama ársfjórðungi 2008. Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.566 milljörðum króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem nam 102,7% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar nam skuld ríkissjóðs 1.199 milljörðum króna á 4. ársfjórðungi 2008 eða sem svarar 81,2% af landsframleiðslu (sjá mynd 2 og töflu 9).

## Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um rúmlega 4% á 4. ársfjórðungi 2009 frá sama tíma 2008 og námu um 169 milljörðum króna

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar um 169 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2009 samanborið við tæplega 162 milljarða króna á sama tímabili 2008 og hækkuðu því um 4,1% milli ára í krónum talið. Skatttekjur og tryggingagjöld vega langþyngst og skila hinu opinbera 134 milljörðum króna samanborið við ríflega 132 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2008 eins og sjá má í töflu 5. Heildartekjur hins opinbera á árinu 2009 námu 636 milljörðum króna og lækkuðu um 2,7% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 42,4% samanborið við 44,2% árið 2008.

... á sama tíma hækkuðu útgjöldin um 20,5% og námu 212 milljörðum króna á 4. ársfjórðungi 2009

Á fjórða ársfjórðungi 2009 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 212 milljarðar króna samanborið við 176 milljarða króna árið 2008 (án 192 milljarða króna skuldaráyfirtöku ríkissjóðs), og nemur hækkunin 20,5% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 56,6 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 50,2 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 31,9 milljarðar króna. Þá er áætlað opinber fjárfesting verði 14 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2009 og vaxtagjöld hins opinbera 35,7 milljarðar króna, en þau hafa hækkað allverulega milli ára. Heildarútgjöld hins opinbera á árinu 2009 námu um 773 milljörðum króna eða 51,5% af landsframleiðslu og hækkuðu um 16,9% frá árinu 2008, en lækkuðu hins vegar um 9,4% að teknu tilliti til 192 milljarða króna skuldaráyfirtöku ríkissjóðs.

Tekjuhalli hins opinbera var 43,5 milljarða króna á 4. ársfjórðungi 2009 samanborið við 14 milljarða króna tekjuhalla á sama ársfjórðungi 2008

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 43,5 milljarða króna á 4. ársfjórðungi 2009 samanborið við rúmlega 14 milljarða króna neikvæða afkomu á sama tíma 2008 án skuldaryfirtöku ríkissjóðs, og nemur tekjuhallinn 2,9% af landsframleiðslu og 26,8% af tekjum hins opinbera á fjórða ársfjórðungi. Á árinu 2009 sem heild nam tekjuhalli hins opinbera um 137 milljörðum króna eða 9,1% af landsframleiðslu og 21,5% af tekjum ársins. Til samanburðar var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 8 milljarða króna árið 2008 án skuldaryfirtöku ríkissjóðs eða 0,6% af landsframleiðslu og 1,2% af tekjum hins opinbera. Að teknu tilliti til skuldaryfirtöku ríkissjóðs var tekjuhalli hins opinbera hins vegar 200 milljarðar króna 2008 eða 13,6% af landsframleiðslu.

### Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2008 og 2009

Table 1. General government finances in 4th quarter 2008 and 2009

Fjárhæðir í milljörðum króna <i>Figures in billion ISK</i>	2008 4. ársfj. <i>4th quart.</i>	2009 4. ársfj. <i>4th quart.</i>	Breyting, % <i>Change, %</i>	2008	Bráðab. <i>Prelim.</i>	Breyting, % <i>Change, %</i>
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	162,0	168,7	4,1	653,5	636,1	-2,7
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	368,3	212,1	-42,4	853,7	773,0	-9,4
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	12,9	15,0	16,2	66,0	58,4	-11,4
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-206,3	-43,5	•	-200,2	-137,0	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-127,3	-25,8	•	-30,6	-21,5	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	-14,0	-2,9	•	-13,6	-9,1	•

### Ríkissjóður

Tekjuhalli ríkissjóðs var ríflega 40 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi, eða 2,6% af vergri landsframleiðslu

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi verið 126,3 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2009 og heildarútgjöld 166,5 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um ríflega 40 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 2,7% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um rúmlega 7% frá sama tíma 2008 og útgjöldin um 27,8%, en að skuldaryfirtöku meðtaldri lækkuðu þau um 48,4%. Til samanburðar var tekjuhallinn 12,3 milljarðar króna 2008 án yfirtökunnar en 204,5 milljarðar króna að henni meðtaldri.

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 99,6 milljörðum króna, eða 78,9% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 45 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 37,3 milljörðum króna og tryggingagjöldin 12,7 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 45,5 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2009. Launaútgjöld ríkissjóðs námu 29,6 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 24,7 milljörðum króna.

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2009 sem heild námu 462,6 milljörðum króna samanborið við 476,9 milljarða króna árið 2008 og er lækkunin 3% milli ára. Útgjöldin hækkuðu hins vegar um 22,6% milli ára en þau námu 584,2 milljörðum króna 2008, en lækkuðu um 12,6% að skuldaryfirtöku 2008 meðtaldri. Tekjutekju-

hallinn var því 121,6 milljarðar króna eða sem svarar rúmlega 8% af landsframleiðslu. Til samanburðar varð tekjuhalli ársins 2008 191,7 með yfirtöku.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 4. ársfjórðungi 2008 og 2009**

Table 2. Central government finances in 4th quarter 2008 and 2009

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2008 4. ársfj. 4th quart.	2009 4. ársfj. 4th quart.	Breyting, % Change, %		Bráðab. Prelim.	Breyting, % Change, %
				2008	2009	
1. Heildartekjur Total revenue	117,9	126,3	7,1	476,9	462,6	-3,0
2. Heildarútgjöld Total expenditure	322,4	166,5	-48,4	668,6	584,2	-12,6
2.1 Fjárfesting Investment	6,6	10,9	65,4	30,8	35,6	15,4
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-204,5	-40,2	•	-191,7	-121,6	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-173,4	-31,9	•	-40,2	-26,3	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-13,8	-2,7	•	-13,0	-8,1	•

### Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 4,8 milljarða króna á 4. ársfjórðungi 2009

Heildartekjur sveitarfélaganna á 4. ársfjórðungi 2008 eru áætlaðar 48,6 milljarðar króna og heildarútgjöld 53,2 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 4,6 milljarðar króna, eða sem nemur 0,3% af landsframleiðslu ársins. Hann er nokkuð óhagstæðari en á sama tíma 2008 þegar hann nam 2,8 milljörðum króna. Tekjur sveitarfélaga eru svipaðar í krónum talið og á síðasta ársfjórðungi 2008, en útgjöldin hafa hins vegar hækkað um 3,6%. Fjárfesting þeirra hefur þó dregist verulega saman eða um 35% milli tímabilanna, en önnur útgjöld aukist um 9%.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 4. ársfjórðungi 2008 og 2009**

Table 3. Local government finances in 4th quarter 2008 and 2009

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2008 4. ársfj. 4th quart.	2009 4. ársfj. 4th quart.	Breyting, % Change, %		Bráðab. Prelim.	Breyting, % Change, %
				2008	2009	
1. Heildartekjur Total revenue	48,5	48,6	0,1	193,4	194,5	0,6
2. Heildarútgjöld Total expenditure	51,3	53,2	3,6	206,3	211,3	2,4
2.1 Fjárfesting Investment	6,3	4,1	-35,0	35,1	22,8	-35,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-2,8	-4,6	•	-12,9	-16,8	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-5,7	-9,5	•	-6,7	-8,6	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-0,2	-0,3	•	-0,9	-1,1	•

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 27 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2008, eða 55,5% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 7,5 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 5,1 milljarði og eignatekjur 9 milljörðum króna. Launagreiðslur

eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 43,9% útgjaldanna, en 23,3 milljarðar króna voru greiddar í laun á fjórða ársfjórðungi 2009. Kaup á vöru og þjónustu námu 16,5 milljörðum króna og fjárfestingin 4,1 milljarði króna.

*... en á árinu í heild neikvæð um 17 milljarðar króna*

Samkvæmt áætlunum námu heildartekjur sveitarfélaganna 194,5 milljörðum króna árið 2009 samanborið við 193,4 milljarða króna árið 2008 og er hækkunin milli ára 0,6%. Útgjöldin jukust samkvæmt áætlunum um 2,4% milli ára og mældust um 211,3 milljarðar króna. Tekjuhalli ársins er því áætlaður 16,8 milljarðar króna eða 1,1% af landsframleiðslu og 8,6% af tekjum. Til samanburðar var tekjuhalli sveitarfélaganna 12,9 milljarðar króna árið 2008 eða 0,9% af landsframleiðslu og 6,7 af tekjum þeirra. Áætluð fjárfesting sveitarfélaganna á árinu 2009 er 22,8 milljarðar króna samanborið við rúmlega 35 milljarða króna árið 2008.

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um fjögurra fimmtu hluta íbúafjöldans og er það uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 4<sup>th</sup> quarter of 2009, the financial balance of the general government (i.e. the central government (CG), social security funds (SSF) and local governments (LG)) amounted to 43.5 billion ISK in deficit compared with 14 billion ISK deficit in the 4<sup>th</sup> quarter of 2008 (excluding the central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008). The CG/SSF deficit was 38.9 billion ISK and the LG 4.6 billion ISK. In the same period 2008 the deficits were 11.3 billion ISK and 2.8 billion ISK, respectively. The deterioration between the two quarters is mostly due significant increase in expenditure due to increased indebtedness and unemployment.

The general government total revenue amounted to 169 billion ISK in the 4<sup>th</sup> quarter of 2009 compared with 162 billion ISK in the same period in 2008, an increase of 4.1%, which can be mainly be explained by increase in revenue from social contributions and revenue from sale and property income. The general government total expenditure amounted to 212 billion ISK in the 4<sup>th</sup> quarter of 2009, which can be compared with 176 billion ISK in 2008 (excluding CG debt assumption), reflecting an increase of 20.5%. This increase can mainly be explained by a significant increase in interest payments and social benefits as mentioned above, but the government final consumption decreased by 1 billion ISK between the two quarters in nominal terms.

Net financial assets, i.e. the difference between financial assets and liabilities, of the central government was negative by 511 billion ISK in the 4<sup>th</sup> quarter of 2009 compared with negative 239 billion ISK in the same quarter of 2008. Total liabilities of central government amounted to 1,566 billion ISK at the end of the 4<sup>th</sup> quarter of 2009, comprising 102.7% of GDP, compared with 1,199 billion ISK, or 81.2% of GDP, during the same period in the previous year (see figure 2 and table 9).

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

**Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2007–2009**

Table 4. Quarterly Government Finances 2007–2009

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – thereof <i>investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	Heildartekjur <i>Total revenue</i>				
	(1)	(2)	(3=1-2)		
<b>Híð opinbera <i>The General Government</i></b>					
<b>2007</b>	<b>623,8</b>	<b>553,1</b>	<b>54,7</b>	<b>70,6</b>	<b>11,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	153,6	131,1	11,1	22,5	14,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	153,3	141,5	15,3	11,8	7,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	156,1	139,2	16,0	16,9	10,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	160,9	141,3	12,4	19,6	12,2
<b>2008</b>	<b>653,5</b>	<b>853,7</b>	<b>66,0</b>	<b>-200,2</b>	<b>-30,6</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	167,7	148,5	13,6	19,2	11,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	162,8	163,4	20,1	-0,6	-0,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	160,9	173,4	19,4	-12,6	-7,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,0	368,3	12,9	-206,3	-127,3
<b>2009</b>	<b>636,1</b>	<b>773,0</b>	<b>58,4</b>	<b>-137,0</b>	<b>-21,5</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	154,6	178,5	10,2	-23,9	-15,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	152,6	190,4	15,7	-37,9	-24,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	160,2	191,9	17,5	-31,8	-19,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	168,7	212,1	15,0	-43,5	-25,8
<b>Ríkissjóður <i>The Central Government</i></b>					
<b>2007</b>	<b>454,6</b>	<b>403,2</b>	<b>22,4</b>	<b>51,4</b>	<b>11,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	111,5	95,1	3,9	16,4	14,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	109,7	101,0	6,2	8,7	7,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	114,6	101,6	6,9	13,0	11,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	118,7	105,4	5,3	13,2	11,2
<b>2008</b>	<b>476,9</b>	<b>668,6</b>	<b>30,8</b>	<b>-191,7</b>	<b>-40,2</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	122,7	104,3	4,4	18,4	15,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	117,8	114,7	10,0	3,1	2,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	118,5	127,2	9,9	-8,7	-7,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	117,9	322,4	6,6	-204,5	-173,4
<b>2009</b>	<b>462,6</b>	<b>584,2</b>	<b>35,6</b>	<b>-121,6</b>	<b>-26,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	110,6	131,1	4,3	-20,4	-18,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	108,8	141,3	9,1	-32,5	-29,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	116,9	145,3	11,3	-28,5	-24,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	126,3	166,5	10,9	-40,2	-31,9

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2007–2009 (frh.)  
 Table 4. Quarterly Government Finances 2007–2009 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	Heildartekjur <i>Total revenue</i>				
	(1)	(2)	(3=1-2)		
<b>Sveitarfélög The Local Governments</b>					
<b>2007</b>	<b>185,3</b>	<b>177,3</b>	<b>32,3</b>	<b>8,0</b>	<b>4,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	45,9	42,7	7,1	3,2	7,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,2	45,7	9,0	1,6	3,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	45,6	44,2	9,0	1,4	3,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	46,6	44,7	7,1	1,8	3,9
<b>2008</b>	<b>193,4</b>	<b>206,3</b>	<b>35,1</b>	<b>-12,9</b>	<b>-6,7</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	49,1	50,3	9,1	-1,2	-2,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	49,0	53,7	10,2	-4,7	-9,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	46,7	51,0	9,5	-4,2	-9,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	48,5	51,3	6,3	-2,8	-5,7
<b>2009</b>	<b>194,5</b>	<b>211,3</b>	<b>22,8</b>	<b>-16,8</b>	<b>-8,6</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	48,3	51,7	5,9	-3,4	-7,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	48,7	54,3	6,6	-5,6	-11,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	48,9	52,1	6,2	-3,2	-6,6
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	48,6	53,2	4,1	-4,6	-9,5
<b>Almannatryggingar The Social Security Funds</b>					
<b>2006</b>	<b>103,3</b>	<b>92,0</b>	<b>0,1</b>	<b>11,3</b>	<b>11,0</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	24,7	21,9	0,0	2,8	11,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	24,7	23,1	0,0	1,5	6,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	25,8	23,3	0,0	2,5	9,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	28,1	23,7	0,0	4,5	15,9
<b>2007</b>	<b>113,2</b>	<b>108,8</b>	<b>0,0</b>	<b>4,4</b>	<b>3,9</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	23,9	21,9	0,0	2,0	8,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	26,4	25,4	0,0	1,0	3,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	30,8	30,5	0,0	0,4	1,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	32,0	31,0	0,0	1,0	3,1
<b>2008</b>	<b>148,5</b>	<b>147,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1,5</b>	<b>1,0</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	35,4	35,5	0,0	-0,1	-0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	37,9	37,6	0,0	0,3	0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	35,2	35,3	0,0	-0,1	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	40,0	38,6	0,0	1,4	3,4



**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2008–2009***Table 5. Quarterly General Government Revenue and Expenditure 2008–2009*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008			2009				
	Alls <i>Total</i>	Ársfj. <i>Quarters</i>	Quarters	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>	Quarters	Quarters	Quarters
		III	IV		I	II	III	IV
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>653,5</b>	<b>160,9</b>	<b>162,0</b>	<b>636,1</b>	<b>154,6</b>	<b>152,6</b>	<b>160,2</b>	<b>168,7</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	500,8	122,8	121,9	469,7	117,1	112,7	118,6	121,3
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	263,5	60,5	68,4	250,1	65,3	61,5	59,0	64,3
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,2	0,6	0,6	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	32,0	8,0	7,9	32,0	8,1	7,9	7,8	8,3
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	195,0	50,9	43,7	173,9	40,4	40,0	47,8	45,8
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,9	1,9	0,9	5,0	1,2	1,0	1,5	1,4
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	2,2	1,0	0,4	6,1	1,5	1,7	1,9	1,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	41,6	10,5	10,3	42,9	9,5	9,2	11,4	12,7
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,4	0,3	0,8	1,7	0,2	0,2	0,4	1,0
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	109,6	27,2	29,0	121,7	27,8	30,4	29,8	33,7
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>853,7</b>	<b>173,4</b>	<b>368,3</b>	<b>773,0</b>	<b>178,5</b>	<b>190,4</b>	<b>191,9</b>	<b>212,1</b>
21 Laun <i>Wages</i>	216,2	54,4	57,5	224,2	54,7	57,4	55,4	56,6
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	171,4	42,6	49,6	188,0	45,3	47,0	45,5	50,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	27,2	6,8	6,9	32,0	8,0	7,9	8,0	8,2
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	49,5	12,6	12,8	101,9	19,9	20,4	25,9	35,7
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	27,4	6,5	6,7	29,4	7,5	7,5	7,0	7,4
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	3,4	1,2	1,4	3,9	0,7	1,0	0,8	1,4
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	89,8	26,3	24,0	122,9	30,2	31,3	29,4	31,9
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	230,0	10,5	203,4	44,3	10,0	10,0	10,4	14,0
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	66,0	19,4	12,9	58,4	10,2	15,7	17,5	15,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-27,2	-6,8	-6,9	-32,0	-8,0	-7,9	-8,0	-8,2
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>-200,2</b>	<b>-12,6</b>	<b>-206,3</b>	<b>-137,0</b>	<b>-23,9</b>	<b>-37,9</b>	<b>-31,8</b>	<b>-43,5</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>-30,6</b>	<b>-7,8</b>	<b>-127,3</b>	<b>-21,5</b>	<b>-15,4</b>	<b>-24,8</b>	<b>-19,8</b>	<b>-25,8</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>-13,6</b>	<b>-0,9</b>	<b>-14,0</b>	<b>-9,1</b>	<b>-1,6</b>	<b>-2,5</b>	<b>-2,1</b>	<b>-2,9</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>44,3</b>	<b>10,9</b>	<b>11,0</b>	<b>41,7</b>	<b>10,1</b>	<b>10,0</b>	<b>10,5</b>	<b>11,1</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>57,8</b>	<b>11,7</b>	<b>24,9</b>	<b>50,7</b>	<b>11,7</b>	<b>12,5</b>	<b>12,6</b>	<b>13,9</b>

**Skýringar** *Notes:* 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

**Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2009**  
*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2008–2009*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008			2009				
	Alls <i>Total</i>	Ársfj. <i>Quarters</i>	Quarters	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>	Quarters	Quarters	Quarters
		III	IV		I	II	III	IV
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>476,9</b>	<b>118,5</b>	<b>117,9</b>	<b>462,6</b>	<b>110,6</b>	<b>108,8</b>	<b>116,9</b>	<b>126,3</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	360,1	88,8	87,0	329,2	82,0	77,5	82,9	86,9
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	157,5	35,2	41,3	141,5	38,1	34,5	31,5	37,3
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,2	0,6	0,6	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	6,3	1,5	1,4	5,1	1,4	1,2	1,0	1,5
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	186,1	48,6	42,3	169,1	39,2	38,5	46,4	45,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,9	1,9	0,9	5,0	1,2	1,0	1,5	1,4
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	2,1	1,0	0,4	6,1	1,5	1,7	1,9	1,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	41,6	10,5	10,3	42,9	9,5	9,2	11,4	12,7
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,4	0,5	1,1	7,6	1,2	1,7	1,8	2,9
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	72,7	18,5	19,6	82,8	17,9	20,4	20,7	23,7
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>668,6</b>	<b>127,2</b>	<b>322,4</b>	<b>584,2</b>	<b>131,1</b>	<b>141,3</b>	<b>145,3</b>	<b>166,5</b>
21 Laun <i>Wages</i>	118,1	30,1	31,8	120,0	29,8	30,9	29,8	29,6
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	86,4	22,3	25,6	92,5	22,4	22,9	22,5	24,7
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	19,9	5,0	5,0	23,3	5,9	5,7	5,8	5,9
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	41,3	10,5	10,8	90,0	16,9	17,4	22,9	32,7
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	23,2	5,4	5,7	24,8	6,3	6,4	5,8	6,2
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	132,5	36,2	37,6	167,4	39,3	42,4	40,2	45,5
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	16,2	4,8	4,0	20,9	4,8	5,0	5,3	5,8
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	219,9	8,0	200,4	33,0	7,2	7,1	7,6	11,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	30,8	9,9	6,6	35,6	4,3	9,1	11,3	10,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-19,9	-5,0	-5,0	-23,3	-5,9	-5,7	-5,8	-5,9
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>-191,7</b>	<b>-8,7</b>	<b>-204,5</b>	<b>-121,6</b>	<b>-20,4</b>	<b>-32,5</b>	<b>-28,5</b>	<b>-40,2</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>-40,2</b>	<b>-7,3</b>	<b>-173,4</b>	<b>-26,3</b>	<b>-18,5</b>	<b>-29,9</b>	<b>-24,3</b>	<b>-31,9</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>-13,0</b>	<b>-0,6</b>	<b>-13,8</b>	<b>-8,1</b>	<b>-1,4</b>	<b>-2,2</b>	<b>-1,9</b>	<b>-2,7</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>32,3</b>	<b>8,0</b>	<b>8,0</b>	<b>30,3</b>	<b>7,3</b>	<b>7,1</b>	<b>7,7</b>	<b>8,3</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>45,3</b>	<b>8,6</b>	<b>21,8</b>	<b>38,3</b>	<b>8,6</b>	<b>9,3</b>	<b>9,5</b>	<b>10,9</b>

**Skýringar** Notes: 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2008–2009**Table 7. *Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2008–2009*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008			2009					
	Alls <i>Total</i>	Ársfj. <i>Quarters</i>	Quarters	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>	Quarters	Quarters	Quarters	Quarters
		III	IV		I	II	III	IV	
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>193,4</b>	<b>46,7</b>	<b>48,5</b>	<b>194,5</b>	<b>48,3</b>	<b>48,7</b>	<b>48,9</b>	<b>48,6</b>	
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	140,6	34,0	34,9	140,5	35,1	35,3	35,7	34,5	
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	105,9	25,3	27,1	108,7	27,2	27,0	27,5	27,0	
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	25,8	6,4	6,4	26,9	6,7	6,7	6,7	6,7	
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	8,9	2,2	1,4	4,9	1,2	1,5	1,5	0,8	
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	18,8	4,8	4,9	18,8	4,2	4,4	5,1	5,1	
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	34,0	7,9	8,7	35,2	9,0	9,0	8,2	9,0	
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>206,3</b>	<b>51,0</b>	<b>51,3</b>	<b>211,3</b>	<b>51,7</b>	<b>54,3</b>	<b>52,1</b>	<b>53,2</b>	
21 Laun <i>Wages</i>	83,1	20,5	21,7	89,0	21,1	22,6	21,9	23,3	
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	58,4	13,6	15,4	63,8	15,7	16,2	15,2	16,5	
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	7,4	1,9	1,9	8,6	2,1	2,1	2,2	2,2	
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	8,2	2,0	2,0	11,9	3,0	3,0	3,0	3,0	
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	3,9	1,0	1,0	4,4	1,1	1,1	1,1	1,1	
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,9	0,2	0,2	0,9	0,2	0,2	0,2	0,2	
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	6,9	1,7	1,7	7,7	1,9	1,9	1,9	1,9	
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	9,7	2,4	2,9	10,8	2,7	2,7	2,7	2,7	
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	35,1	9,5	6,3	22,8	5,9	6,6	6,2	4,1	
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-7,4	-1,9	-1,9	-8,6	-2,1	-2,1	-2,2	-2,2	
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>-12,9</b>	<b>-4,2</b>	<b>-2,8</b>	<b>-16,8</b>	<b>-3,4</b>	<b>-5,6</b>	<b>-3,2</b>	<b>-4,6</b>	
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>-6,7</b>	<b>-9,0</b>	<b>-5,7</b>	<b>-8,6</b>	<b>-7,0</b>	<b>-11,6</b>	<b>-6,6</b>	<b>-9,5</b>	
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>-0,9</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,2</b>	<b>-1,1</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,3</b>	
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>13,1</b>	<b>3,2</b>	<b>3,3</b>	<b>12,8</b>	<b>3,2</b>	<b>3,2</b>	<b>3,2</b>	<b>3,2</b>	
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>14,0</b>	<b>3,5</b>	<b>3,5</b>	<b>13,9</b>	<b>3,4</b>	<b>3,6</b>	<b>3,4</b>	<b>3,5</b>	

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2008–2009**Table 8. *Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2008–2009*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008			2009				
	Alls	Ársfj.	Quarters	Alls	Ársfjórðungar			
	<i>Total</i>	III	IV	<i>Total</i>	I	II	III	IV
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>113,2</b>	<b>30,8</b>	<b>32,0</b>	<b>148,5</b>	<b>35,4</b>	<b>37,9</b>	<b>35,2</b>	<b>40,0</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	110,3	30,1	31,3	144,7	34,5	37,0	34,3	39,0
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	2,9	0,7	0,7	3,7	0,9	0,9	0,9	0,9
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>108,8</b>	<b>30,5</b>	<b>31,0</b>	<b>147,0</b>	<b>35,5</b>	<b>37,6</b>	<b>35,3</b>	<b>38,6</b>
21 Laun <i>Wages</i>	14,9	3,8	4,0	15,2	3,8	3,9	3,8	3,7
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	26,5	6,6	8,6	31,7	7,2	7,9	7,8	8,7
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,2	0,1	0,1	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	–	–	5,1	0,8	1,2	1,3	1,8
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	66,6	19,8	18,2	94,3	23,5	24,4	22,2	24,2
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,4	0,1	0,1	0,5	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>4,4</b>	<b>0,4</b>	<b>1,0</b>	<b>1,5</b>	<b>-0,1</b>	<b>0,3</b>	<b>-0,1</b>	<b>1,4</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>3,9</b>	<b>1,2</b>	<b>3,1</b>	<b>1,0</b>	<b>-0,3</b>	<b>0,7</b>	<b>-0,2</b>	<b>3,4</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>0,3</b>	<b>0,0</b>	<b>0,1</b>	<b>0,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,1</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>7,7</b>	<b>2,1</b>	<b>2,2</b>	<b>9,7</b>	<b>2,3</b>	<b>2,5</b>	<b>2,3</b>	<b>2,6</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>7,4</b>	<b>2,1</b>	<b>2,1</b>	<b>9,6</b>	<b>2,3</b>	<b>2,5</b>	<b>2,3</b>	<b>2,5</b>

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2009**Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2008–2009*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008			2009			
	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>						
	II	III	IV	I	II	III	IV
<b>Peningalegar eignir <i>Financial assets</i></b>	<b>610,2</b>	<b>745,8</b>	<b>960,0</b>	<b>1.000,2</b>	<b>990,5</b>	<b>977,3</b>	<b>1.055,0</b>
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	124,5	291,9	183,2	222,1	190,8	166,6	226,3
Lánveitingar <i>Loans</i>	175,5	165,4	478,0	461,9	484,3	478,0	361,3
Hlutfæ <i>Shares and other equity</i>	192,4	192,4	194,8	195,2	198,3	198,4	334,4
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	117,9	96,1	103,9	121,1	117,0	134,3	133,0
<b>Skuldir <i>Liabilities</i></b>	<b>572,9</b>	<b>722,3</b>	<b>1.198,5</b>	<b>1.244,2</b>	<b>1.402,6</b>	<b>1.418,7</b>	<b>1.566,4</b>
Verðbréf <i>Securities</i>	183,0	198,2	313,8	279,5	300,6	318,8	546,3
Lántökur <i>Loans</i>	123,3	264,0	622,2	684,3	711,1	710,5	634,2
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	18,3	29,5	304,4	371,7	368,7	391,2	277,8
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	105,0	234,5	317,8	312,6	342,4	319,4	356,4
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	231,3	231,3	231,3	230,2	342,9	342,9	342,9
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	35,4	28,9	31,2	50,2	47,9	46,5	43,0
<b>Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i></b>	<b>37,2</b>	<b>23,5</b>	<b>-238,5</b>	<b>-244,0</b>	<b>-412,0</b>	<b>-441,4</b>	<b>-511,4</b>
<b>Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i></b>							
<b>Peningalegar eignir <i>Financial assets</i></b>	<b>41,3</b>	<b>50,5</b>	<b>65,0</b>	<b>66,7</b>	<b>66,0</b>	<b>65,1</b>	<b>70,3</b>
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	8,4	19,8	12,4	14,8	12,7	11,1	15,1
Lánveitingar <i>Loans</i>	11,9	11,2	32,3	30,8	32,3	31,9	24,1
Hlutfæ <i>Shares and other equity</i>	13,0	13,0	13,2	13,0	13,2	13,2	22,3
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	8,0	6,5	7,0	8,1	7,8	9,0	8,9
<b>Skuldir <i>Liabilities</i></b>	<b>38,8</b>	<b>48,9</b>	<b>81,1</b>	<b>82,9</b>	<b>93,5</b>	<b>94,6</b>	<b>104,4</b>
Verðbréf <i>Securities</i>	12,4	13,4	21,2	18,6	20,0	21,3	36,4
Lántökur <i>Loans</i>	8,3	17,9	42,1	45,6	47,4	47,4	42,3
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	1,2	2,0	20,6	24,8	24,6	26,1	18,5
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	7,1	15,9	21,5	20,8	22,8	21,3	23,8
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	15,7	15,7	15,7	15,3	22,9	22,9	22,9
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	2,4	2,0	2,1	3,3	3,2	3,1	2,9
<b>Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i></b>	<b>2,5</b>	<b>1,6</b>	<b>-16,1</b>	<b>-16,3</b>	<b>-27,5</b>	<b>-29,4</b>	<b>-34,1</b>





**Hagtiðindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** **National accounts**

95. árg. • 16. tbl. 2010:4

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*  
[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)